

Leikskólinn Strandheimar



Vínátta í nærumhverfinu

Þróunarverkefni skólaárið 2022-2023



Inngangur

Leikskólinn Strandheimar er starfræktur á tveimur starfsstöðum, Brimveri á Eyrarbakka og Æskukoti á Stokkseyri. Í leikskólanum eru samtals 60 nemendur og er fjöldi starfsfólks 26. Leikskólinn starfar eftir lögum um leikskóla, Aðalnámskrá leikskóla og Menntastefnu Árborgar ásamt því að fylgja stefnum *Heilsueflandi leikskóla* á vegum Embættis landlæknis og *Skóla á grænni grein* sem er alþjóðlegt umhverfismenntaverkefni á vegum Foundation for Environmental Education.

Vorið 2022 leitaði stjórnendateymi Strandheima leiða til þess að efla samstarf milli starfsstöðva leikskólans. Ákveðið var að skipuleggja þróunarverkefni sem myndi hefjast haustið 2022 og hefði það að markmiði að efla tengsl milli nemenda og starfsfólks þvert á starfsstöðvar ásamt því að veita tækifæri til að auka vísýni nemenda á nærumhverfi þeirra. Verkefnið skildi ná til elstu nemenda leikskólans og kennara þeirra og miða af helstu áherslupáttum Aðalnámskrár leikskóla og stefnum Heilsueflandi leikskóla og Skóla á grænni grein. Sjá fylgiskjal 1.



Fjörurnar við Eyrarbakka og Stokkseyri bjóða upp á mörg ævintýri

Markmið

Þorpin, Eyrarbakki og Stokkseyri, bjóða upp á mörg tækifæri þegar kemur að menningu og umhverfi og eru það mikil forréttindi að hér fái nemendur, hvort sem er í leik- eða grunnskóla, að njóta skólagöngu undir góðum verndarvæng lærdómssamfélagsins. Með slík tækifæri í huga var vinnan við skipulag verkefnisins bæði áhugaverð og skemmtileg. Fór af stað rannsóknarvinna til að kanna hvað þorpin hefðu upp á að bjóða sem gæti nýst þátttakendum til fróðleiks og gagns og urðu listarnir langir. Sjá fylgiskjal 2. Ákveðið var að elstu nemendur starfsstöðvanna myndu hittast einu sinni í mánuði til skiptis á Eyrarbakka og Stokkseyri og verja heilum degi saman. Útbúnir voru nokkrir tímaseðlar með hugmyndum að dagskrá á hvorum stað fyrir sig og voru eftirtalin atriði höfð að leiðarljósi:

- Skapa aðstæður þar sem nemendur fá tækifæri til að efla vináttutengsl sín á milli í gegnum leik og önnur verkefni.
- Stuðla að heilsueflingu í formi geðræktar og hreyfingar, m.a. með því að fara í göngutúra um þorpin og hafa þannig jákvæð og eflandi áhrif á hreyfi- og vitsmunabroska nemenda. Barni sem líður vel andlega og líkamlega á auðveldara með að takast á við áskoranir og mynda tengsl við aðra sem hefur þ.a.l. styrkjandi áhrif á félagsfærni þess.
- Stuðla að málörvandi umhverfi með það að markmiði að styrkja málþroska, -skilning og orðaforða nemenda, því líkt og vellíðan hefur málþroski nemenda áhrif á getu þeirra til tengslamyndunar.
- Stuðla að jafnrétti og lýðræði með því að veita nemendum tækifæri til þess að hafa áhrif á leikskólastarfið, m.a. með því að:
 - gefa þeim val um verkefni og vinnubrögð
 - spyrja þau álits og styðja við hugmyndir þeirra
 - hafa áhuga, óskir og þarfir barnanna til hliðsjónar þegar kemur að dagskipulagi
- Veita svigrúm fyrir menntun til sjálfbærni í anda *Skóla á grænni grein* með því að halda umhverfisnefndarfundi – en nefndin samanstendur af elstu nemendum leikskólans hverju sinni.

- Leggja grundvöll fyrir samvinnu milli leikskólans og nærsamfélagsins og stuðla að samskiptum aðilanna á milli sem lituð eru af áhuga, gleði, samkennd og virðingu.
- Sjálfstraust nemenda eykst við það að:
 - taka þátt í nýjum og krefjandi aðstæðum
 - eignast kunningja og vera hluti af vinskap
 - vera hluti af hóp þar sem gleði, samkennd og samvinna er allsráðandi
 - fá tækifæri til sköpunar í sinni víðustu mynd
 - upplifa hlýju og væntumþykju
 - fá athygli og hrós
 - fá hvatningu til lausnamiðaðrar og sjálfstæðrar hugsunar

Velferð barns er á ábyrgð hinna fullorðnu og er það því leikskólanum mikið í mun að skapa gott öryggisnet í kringum nemendur sína í liði með foreldrum og nærsamfélaginu. Í verkefni sem þessu skapast kjörið tækifæri til að stuðla að auknu öryggi nemenda með því að:

- Efla þekkingu þeirra á nærumhverfi sínu og samfélaginu sem þau eru hluti af
- Veita foreldrum tækifæri á sameiginlegum vettvangi til tengslamyndunar
- Brúa bilið milli skólastiga á markvissan hátt í samstarfi við grunnskólann
- Skapa aðstæður þar sem vináttu nemenda við eldri nemendur, núverandi 1.bekkinga í grunnskólanum, er viðhaldið

Kynning, skipulag og skráning

Hugmynd verkefnisins var kynnt fyrir foreldrum að vori þar sem leitast var eftir samvinnu heimilis og skóla á þá leið að foreldrar myndu sjá um að koma barni sínu á milli þorpa einu sinni í mánuði eða þá daga sem verkefnið færi fram. Þannig gæfist foreldrum m.a. færi á að kynnast hvort öðru þvert á starfsstöðvar. Foreldrar voru einnig hvattir til að koma skoðunum sínum á hugmyndinni á framfæri og fékk leikskólinn einungis jákvæð viðbrögð við henni.

Verkefnið var einnig kynnt fyrir stjórnendum Barnaskólans á Eyrarbakka og Stokkseyri þar sem leikskólinn óskaði eftir að fá að nýta þróunarverkefnið m.a. til að heimsækja grunnskólann og viðhalda tengslum leikskólanemenda við fyrrum samnemendur sem nú eru í 1. bekk. Stjórnendur tóku vel í hugmyndina og nefndu að tilvalið væri að nýta fimmtudaga því þá væri 1. bekkur í tónmennt og gaman væri fyrir börnin að fá að kynnast grunnskólastarfinu í gegnum listgreinastarf. Tónmenntakennari BES og umsjónarkennari 1. bekkjar komu þá með hugmynd að efla til samstarfs undir formerkjunum *Vínátta í tónum og leikjum* sem er verkefni hannað af kennurum í Kársnesskóla og leikskólanum Urðarhóli í Kópavogi. Í lýsingu á verkefninu segir að *“meginmarkmið þess sé að elsti árgangur leikskólans og nemendur í 1. bekk fái tækifæri til að mynda og varðveita traust tengsl á grundvelli jákvæðrar samveru sem einkennist af leikjum, tónlist og dansi undir leiðsögn kennara af báðum skólastigum. Þannig er hægt að stuðla að öruggri aðlögun beggja árganga með þeim hætti að annars vegar verður umbreytingin fyrir grunnskólabörnin að byrja í nýjum skóla ekki eins skyndileg og skörp og hins vegar fá leikskólabörnin tækifæri á að kynnast skólaumhverfinu og viðhalda og ná góðum tengslum við þau sem eldri eru. Grunnskólabörnin nota tilfinningatengsl sín við leikskólann til að efla vínáttubönd við þau yngri og verða því líkleg til að verða þeim hjálparhellur þegar þau munu hefja grunnskólagöngu sína.”* (Börn og tónlist. 2021)

Út frá viðræðum við BES var því ákveðið að þróunarverkefnið yrði á fimmtudögum og þá í síðustu viku hvers mánaðar að undanskildum desember. Sjá töflu 1. Alls yrðu 4-5 kennarar sem hefðu umsjón með hópnum; deildarstjórar eldri deilda ásamt kennara frá hvorri deild og verkefnastjóra útínáms.

Tafla 1.

22. september 2022	Stokkseyri
27. október 2022	Eyrbakki
24. nóvember 2022	Stokkseyri
26. janúar 2023	Eyrbakki
23. febrúar 2023	Stokkseyri
23. mars 2023	Eyrbakki
27. apríl 2023	Stokkseyri
25. maí 2023	Hallskot, Eyrbakka

Tafla 1. Taflan sýnir dag- og staðsetningar fyrir þróunarverkefni Strandheima skólaárið 2022-2023

Þróunarverkefnisteymi, skipað leikskólastjórnendum, sérkennslustjóra, deildarstjórum eldri deilda og verkefnisstjóra útináms, halda fund einni til tveimur vikum fyrir hvern hitting, útbúa skipulag fyrir daginn og hafa samband við þá samstarfsaðila sem heimsækja á í hvert skipti. Hugmyndir og óskir barnanna eru hafðar til hliðsjónar við skipulagið. Endurmat hvernar stundar fer einnig fram á þessum fundum.

Eftir hvern hitting er gerð skráning þar sem fram kemur hvað var gert og hver upplifun barnanna var.

Myndaskráning er einnig mikilvægur partur í skráningu verkefnisins og munu þær ásamt skriflegri skráningu verða partur af endurmati verkefnisins sumarið '23. Myndir gera nemendum líka auðveldara fyrir að segja frá upplifun sinni og gagnast þær sem kveikja til samtals á milli nemenda annars vegar og á milli nemenda og foreldra/kennara hins vegar. Verða því sumar hverjar hengdar upp á veggjum deildanna auk þess sem þær verða aðgengilegar foreldrum á samskiptaforritinu Völu. Ávallt er gætt að persónuvernd við slíka skráningu.

Hvernig gagnast þróunarverkefnið yngri nemendum Strandheima?

Á meðan eldri nemendur eru fjarverandi frá deildinni fá yngri nemendur aukið rými og næði til leiks og tengslamyndunar. Á þeirri starfstöð sem eldri nemendur eru saman komnir fá yngri nemendur deildarinnar aðstöðu inni í sal, listasmiðjum og á útivæði og hefur skiptingin sömu áhrif og lýst var hér að ofan. Eins fá þau tækifæri til þess að sjá ný andlit og eldri samnemendur sína kynnast öðrum börnum á jákvæðan hátt í öruggu umhverfi sem mögulega veitir þeim sjálfstraust til að eiga samskipti við ný börn síðar meir.

Vert er að taka fram að allir nemendur Strandheima, óháð aldri, eru þátttakendur í útinámi a.m.k. einu sinni í viku sem hefur þann tilgang að styðja við heilsuefningu í formi geðræktar, hreyfingu og öryggi í nærumhverfinu auk þess að stuðla að menntun til sjálfbærni/umhverfismennt í anda Skóla á grænni grein.



Myndirnar sýna frá útinámi Strandheima skólaárið 2022.

Lokaorð

Leikskólinn bindur miklar vonir við að markmiðum og tilgangi verkefnisins, eins og lýst er ítarlega hér að ofan, verði náð og að það hafi góð og heilsueflandi áhrif á nemendahópinn, starfsfólk, foreldra og nærsamfélagið í heild sinni.

Fylgiskjöl

Fylgiskjal 1

Aðalnámskrá leikskóla	Hlutverk leikskólans skv. Aðalnámskrá leikskóla (2011)
Læsi og samskipti	Að skapa aðstæður þar sem nemendur fá ríkulega tækifæri til að – Eiga jákvæð og uppbyggileg samskipti í barnahópnum – Endurskapa upplifun sína og reynslu í leik og skapandi starfi – Tjá sig með fjölbreyttum hætti og með ólíkum efniviði – Kynnast tungumálinu og möguleikum þess – Njóta þess að hlusta á og semja sögur, ljóð, þulur og ævintýri – Þróa læsi í víðum skilningi – Deila skoðunum sínum og hugmyndum – Nýta ólíkar leiðir og margvíslega tækni til að nálgast upplýsingar og setja fram hugmyndir sínar – Velta vöngum yfir eigin samfélagi og menningu
Heilbrigði og vellíðan	Að stuðla að heilbrigði og vellíðan barna með því að leggja áherslu á – Umhyggju – Persónulega umhirðu – Holla næringu – Fjölbreytta hreyfingu – Ögrandi og krefjandi útivist – Slökun og hvíld – Tilfinningalegt jafnvægi – Jákvæð samskipti – Félagsleg tengsl
Sjálfbærni og vísindi	Að skapa aðstæður svo nemendur fái tækifæri til að vinna með og velta vöngum yfir

	– Umgengi sinni og virðingu fyrir náttúrulegu og manngerðu umhverfi – Hvernig vitspor þeirra og nærsamfélagsins geta stuðlað að sjálfbærri þróun – Hringrásum og fyrirbærum í náttúrunni – Nýtingu náttúrunnar – Stærðfræðilegum viðfangsefnum, s.s. tölum, táknum og mynstrum – Lífverum í umhverfinu og lífsháttum þeirra – Eiginleikum ýmissa efna og hluta – Möguleikum og takmörkunum tækninnar – Rými, fjarlægðum og áttum
Sköpun og menning	Að skapa rými fyrir sköpunarferli og fagurfræðilega tjáningu þar sem börn – Njóta þess að taka þátt í skapandi ferli – Finna til ánægju og gleði yfir eigin sköpunarkrafti – Kanna og vinna með margvíslegan efnivið – Nýta fjölbreytta tækni – Kynnast bókmenntum, þulum, sögum og ævintýrum – Læra texta og taka þátt í söng – Skapa og tjá upplifun sína, s.s. í myndlist, tónlist, dansi og leikrænni tjáningu – Njóta fjölbreyttrar menningar og lista – Taka virkan þátt í að móta menningu leikskólans með hátíðum og viðburðum sem tengjast barnamenningu – Kynnast og vinna með listafólki á hinum ýmsu sviðum menningar og lista
Lýðræði og jafnrétti	Leikskóla ber að vera vettvangur þar sem allir – Taka virkan þátt í samræðum um almenn málefni – Hlusta hver á annan og skiptast á skoðunum – Bera ábyrgð á sjálfum sér og gjörðum sínum – Vinna saman og aðstoða hver annan – Hafa val um verkefni og vinnubrögð – Hafa áhrif á leikskólastarfið – Taka þátt í heimspekilegum umræðum – Vinna að jöfnum tækifærum kynjanna til að takast á við fjölbreytt viðfangsefni

Leikur og nám	Að styðja við nám barna í gegnum leik á margvíslegan hátt m.a. með því að – Skapa fjölbreytilegt leikumhverfi og veita aðgengi að leikefni sem hvetur börn til að rannsaka, finna lausnir og skapa – Gefa leik nægan og samfelldan tíma – Gefa leik nægjanlegt rými svo að börn hafi svigrúm til að hreyfa sig og til að þróa leik og dýpka – Styðja við sjálfsprottnar athafnir og áhuga – Eiga samskipti við börn og mynda tengsl við þau í gegnum leik – Vera vakandi fyrir þeim tækifærum sem upp koma í leik og nota þau til að kveikja áhuga barna og styðja við nám þeirra – Styðja við og efla jákvæð samskipti í leik – Sjá til þess að öll börn hafi tækifæri til þátttöku í leik úti og inni
Heilsueflandi leikskóli á vegum Embættis landlæknis	Lykilþættir Heilsueflandi leikskóla eru eftirfarandi og koma þeir allir inn á grunnþætti og námsvið Aðalnámskrár leikskóla: ▪ Fjölskylda ▪ Geðrækt ▪ Hreyfing ▪ Matarræði ▪ Nærsamfélag ▪ Starfsfólk ▪ Tannheilsa ▪ Öryggi Skólaárið '22 - '23 leggur leikskólinn höfuð áherslu á lykilþættina <i>Geðrækt</i> og <i>Starfsfólk</i>.
Skóli á Grænni grein á vegum Foundation for environmental education	Þemun sem leikskólinn hefur valið sér fyrir skólaárið '22-'23 eru eftirfarandi og tóna þau vel við markmið þróunarverkefnisins: ▪ Átthagar og landslag ▪ Lýðheilsa

Fylgiskjal 2

Hugmyndir að afþreyingu og gönguferðum fyrir Þróunarverkefnið '22 - '23

Hvað er í boði á Eyrarbakka?

	Dvalarheimilið Sólvellir
	Húsið
	Sjóminjasafnið
	Verzlun Guðlaugs Pálssonar
	Stórt tún og leikvöllur með ærslabelg
	Kirkja
	Rauða húsið veitingastaður
	Samkomuhúsið Staður / Íþróttahús
	Stigi upp að varnargarði við Stað
	Stytta/minnisvarði
	Fjaran
	Bryggjan
	Byggðasafn, Kartöflugeymsla
	Dúfnabóndi

	Skrúfan
	Tjaldsvæði og leikvöllur
	Brunnar
	Bókasafn
	Bakkastofa
	Bakkinn verslun
	Gistiheimili

	Leikvöllur með hól og aparólu
	Nýi trjálundurinn okkar við Álfastétt - Álfaskógur
	Kirkjugarður
	Hópið - svanir / skautasvell á veturna
	Lömb og hestar í Steinskoti
	BES
	Fótbolta- og körfuboltavöllur

	Hesthúsaðverfi
	Sólvangur
	Hallskot - skógrækt

Hvað er í boði á Stokkseyri?

	BES
	Frístundarheimili
	Bókasafn
	Leikvöllur
	Fótboltavöllur
	Sundlaug
	Kajak
	Löngudæl - skautasvell á veturna
	Gróðrastöðin Heiðarblómi
	Þuríðargarður
	Veiðisafnið
	Íþróttahús
	Eyrarfiskur - harðfiskverksmiðja
	Veitingastaðurinn Fjöruborðið
	Frystihúsið

	Draugasetrið
--	--------------

	Orgelsmiðjan
	Gallerí og vinnustofur listafólks
	Bryggjan
	Fjaran
	Kirkja og kirkjugarður
	Safnaðarheimili
	Skálinn sjoppa og veitingastaður
	Sjopputúnið - aparóla og ærslabelgur
	Bankatúnið
	Þuríðarbúð
	Styttan af Páli Ísólfsyni, tónskáldi
	Leikvöllur við Ólafsvelli
	Nýi lundurinn okkar við Æskukot - Vinalundur
	Tjaldstæði og leikvöllur
	Vatnshóll - hægt að renna sér í snjónum á veturna
	Lautin okkar við á gamla Töfragarðssvæðið - Vinalundur

	Knarrarósviti
	Rjórabúíð
	Baugstaðir - Gobbigobb

Hvað er í boði á milli þorpanna?

	Hjólreiðastígur
	Hraunsá - bæði ný og gömul brú
	Gróður

	Fuglalíf
	Sveitabæir - hestar og kindur
	Krían - skóglendi, krækiber að hausti

Heimildir

Aðalnámskrá leikskóla 2011. [Aðalnámskrá leikskóla \(stjornarradid.is\)](http://stjornarradid.is)

Börn og tónlist. 2021. [Vinátta í tónum og leikjum \(bornogtonlist.net\)](http://bornogtonlist.net)

Heilsueflandi leikskóli á vegum Embættis landlæknis. 2022. [Heilsueflandi leikskóli \(landlaeknir.is\)](http://landlaeknir.is)

Skóli á grænni grein. [Um skóla á grænni grein, Grænfánaverkefnið - Landvernd](#)